



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2021 / 2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	16.08.2022
Svið:	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Unnið af:	Dagný Ingadóttir
Verkefni/tillaga:	Samstarfssamningur um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	07160 Atvinnuþróunarátak / sóknaráætlun
Fjárhæð:	6.751.984.- kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Tilgangur þessa samnings er að setja af stað samstarfsvettvang sveitarfélaga og atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál með það hlutverk að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinni samkeppnishæfni. Áherslan verði á þróun, kynningar- og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðaþjónustu og tengdra aðila.

Markmiðin eru að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa, að þróa, móta og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda, að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni, að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar og styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar eftir Covid-19.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Samstarfssamningurinn var undirritaður 25. janúar 2022. Samningurinn verður lagður fyrir borgarráð 18. ágúst 2022 til samþykktar fjármögnunar samningsins.

Jafnréttisskimun var ekki framkvæmd áður en samningurinn var undirritaður en mikil tækifæri eru á samstarfsvettvanginum til að huga að stöðu kynjanna og öðrum hópum sem mannréttindastefna borgarinnar tiltekur. Eitt verkefni samráðsvettvangsins er að greina tölfræði og vinna markmið og mælikvarða fyrir áfangastaðinn og í því samhengi er vert að minna á mikilvægi þess að gögn um fólk séu greind eftir t.d. kyni. Einnig er vert að huga að skiptingu kynjanna þegar skipað verður t.a.m. í stefnuráð, faghópa og skipaðir nýir fulltrúar í ráðgjafahóp.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.

Markhópurinn er íbúar, atvinnulíf, starfsfólk í ferðaþjónustu og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem og aðrir einstaklingar og hópar sem koma að ferðaþjónustu í landinu.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.

Mikilvægt er að fjölbreyttur hópur fólks komi að stefnumótun og ákvarðanatöku í ferðaþjónustu og að haft sé samráð við hagaðila í víðum skilningi. Íbúar er dæmi um einn hóp hagaðila en áhrif ferðaþjónustu á fólk, og viðhorf fólks til ferðaþjónustu, getur verið ólíkt eftir stöðu fólks í samfélaginu t.d. varðandi kyn, búsetu, uppruna, menntun, aldur, fötlun/ófötlun, tekjur o.fl. Ímynd áfangastaðar og markaðssetning skiptir jafnframt miklu máli og sýna þarf fjölbreytta og mynd og lyfta upp menningu ólíkra hópa.

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem teygir anga sína víða og hefur áhrif á fjölda fólks. Einkennandi störf í ferðaþjónustu eru mörg hver unnin af starfsfólki í lægsta tekjuhópnum og í atvinnugreininni starfar mikið af ungu fólki, fólk með erlendan uppruna og konur. Hægt er að leiða líkum að því að kynbundinn launamunur og launamunur eftir uppruna sé til staðar í atvinnugreininni.

Almennt er hlutfall kvenna í stjórnnum lægra en karla og að öllum líkindum á það einnig við í einkennandi greinum ferðaþjónustu. Þá eru færri konur eigendur fyrirtækja heldur en karlar. Greiningar sem framkvæmdar hafa verið á styrkjum til nýsköpunar á Íslandi, hvort sem um er að ræða vegna ferðaþjónustu eða annars, benda til þess að fleiri karlar en konur (og kvár) fái úthlutað styrkjum.

Ferðaþjónusta setur álag á ýmsa innviði eins og samgöngur, vegi, heilbrigðisþjónustu, náttúru, loftgæði o.fl., sem hefur ólík áhrif á fólk eftir stöðu þeirra í samfélaginu. Ferðaþjónusta hefur haft mikil áhrif á fasteignamarkaðinn og hækkun fasteignaverðs hefur einkum áhrif á tekju- og eignalítið fólk, fólk á leigumarkaði og fyrstu kaupendur.

Nokkuð algengt er að starfsfólk í þjónustustörfum verði fyrir kynferðislegri áreitni og ofbeldi í starfi. Huga þarf að öryggi á skemmtanalífinu, styðja við verkefnið öruggir skemmtistaðir og fara eftir bæði samkomulagi um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði sem og samkomulagi um samvinnu í vinnu gegn vændi á hótélum og gististöðum.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögnum?¹

Ekki er talin þörf á frekara jafnréttismati en lögð áhersla á mikilvægi þess að samstarfsvettvangur um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið stuðli að jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa og hafi það sem leiðarljós í allri sinni vinnu og stefnumörkun.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.